

Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202207-267/L.Ó.
08.30.03

Efni: Skilyrði um samráð við Umhverfisstofnun í leyfi utanríkisráðuneytisins um vísindalegar rannsóknir Running Tide í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt veitti utanríkisráðuneytið þann 8. júlí 2022 leyfi til Running Tide til vísindalegra rannsókna í hafinu innan íslenskrar lögsögu til fleytingar 50.000 tonna af flothylkjum úr viðarmassa, kalki og bindiefnum með ágrónum þara sem sökkva muni í hafið. Leyfið er veitt til fjögurra ára. Markmið rannsóknarinnar er að undirbúa umfangsmikið kolefnisförgunarverkefni, þar sem langtímamarkmiðið er að farga allt að 500.000 tonnnum af kolefni á svæði utan lögsögu Íslands.

Þrjú skilyrði í leyfinu varða Umhverfisstofnun og eru þau:

1. Yfir gildistíma leyfisins skal umsækjandi hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun um gang mála.
2. Umsækjandi skal upplýsa Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun um framgagn rannsóknarinnar og allar niðurstöður að rannsókn lokinni.
3. Umsækjandi skal sækja um öll önnur nauðsynleg leyfi vegna framkvæmdar rannsóknarinnar eða eftir atvikum fá staðfest hjá viðkomandi leyfisveitendum að leyfisskylda sé ekki til staðar, svo sem samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna mögulegs varps í haf, 63. gr. laga nr. 60/2013 vegna innflutnings framandi lífvera og ákvæðum laga nr. 132/1999.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar við fyrirspurn samkvæmt skilyrði 3 í leyfinu var þess efnis að þeim efnnum og hlutum sem sökkt yrðu í hafið vegna rannsóknarinnar teldust varp í hafið og væru því leyfisskyld í skilningi 9. gr. 1. nr. 33/2004. Sú niðurstaða var ógilt af umhverfis-, orku-, loftslagsráðuneyti þann 25. apríl 2023. Niðurstaða ráðuneytisins er þess efnis að lögmætur tilgangur rannsóknarinnar sé ekki að farga efnnum og hlutum í hafið heldur að koma þeim fyrir í hafinu í rannsóknarskygni með útgefnu leyfi þar til bærst stjórnvalds. Telur ráðuneytið að það leiði ekki af 27. t.l. 1. mgr. 3. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda að Umhverfisstofnun sé falið að leggja sjálfstætt mat á skýrleika vísindalegs tilgangs eða eðli og framkvæmd rannsóknarinnar umfram mats þess lögbæra stjórnvalds sem veitti

leyfið Jafnframt sé það ekki stofnunarinnar að meta lögmætan tilgang þegar hlutum og efnum sé komið fyrir í hafinu þ.e. að rannsóknin gangi ekki gegn öðrum ákvæðum laga þar á meðal 1. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda sem kveður meðal annars á um verndun hafsins gegn mengun, röskun lífríkisins og spillingu umhverfisins. *Um þetta segir í úrskurðinum „Að mati ráðuneytisins verður að leggja til grundvallar við mat á því hvort um lögmætan tilgang sé að ræða í skilningi ákvæðisins að þegar fyrir liggi leyfi til rannsókna sem veitt er af lögbæru stjórnvaldi á grundvelli ákvæða í lögum og innan ramma þeirrar löggjafar teljist rannsóknin þegar af þeim sökum lögmæt í skilningi ákvæðisins“*

Ráðuneytið rökstyður niðurstöður sínar einnig með því „að leggja verði til grundvallar að með útgáfu leyfis á grundvelli laga nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn að undangengnu umsagnarferli hafi utanríkisráðuneytið metið það svo að um vísindalega rannsókn sé að ræða og gefið leyfi fyrir henni með sérstökum skilyrðum og forsendum innan þess lagaramma sem til staðar er um vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands, *Hvorki Umhverfisstofnun né umhverfis-, orku – og loftslagsráðherra er með lögum falin endurskoðun þessa mats eða leyfisveitinga utanríkisráðuneytisins“*

Running Tide ehf., hefur óskað í framhaldi af niðurstöðu ráðuneytisins að Umhverfisstofnun upplýsi félagið um hvernig stofnunin leggi til að skilyrði 1 í fyrrnefndu leyfi um að félagið skuli hafa samráð við Umhverfisstofnun um framgang rannsóknarinnar, skuli framfylgt.

Umhverfisstofnun telur, í ljósi úrskurðar ráðuneytisins, að ekki sé til staðar lagagrundvöllur fyrir stofnunina til frekara samráðs um rannsóknina eða eftirlit með þeim efnum og hlutum sem sökkva í hafið við framkvæmd hennar né heimildir til að grípa inn í ef um verður að ræða neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdinni.

Umhverfisstofnun hélt fund með fulltrúum umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins þann 15. maí s.l. um þessa stöðu. Ekki voru gerðar athugasemdir við þennan skilning stofnunarinnar á fundinum.

Þar sem Umhverfisstofnun hefur ekki lengur lögbundið hlutverk samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 eða valdheimildir til að hlutast til um framgang umræddrar rannsóknar samkvæmt úrskurði ráðuneytisins, fær stofnunin ekki séð að til staðar sé lagagrundvöllur til að leiðbeina fyrirtækinu um framkvæmdina í gegnum samráð sbr. leyfi utanríkisráðuneytisins. Stofnunin getur tekið á móti gögnum um framgang rannsóknarinnar að því er varðar umhverfisáhrif hennar og varðveitt þau en stofnunin gerir ekki ráð fyrir að bregðast sérstakleg við samkvæmt framansögðu.

Umhverfisstofnun ítrekar áskorun til ráðuneytisins sem fram kemur í minnisblaði stofnunarinnar dags 21.12.2022 um „Ný verkefni er tengjast rannsóknarbeiðnum til undirbúnings stærri loftslagsverkfræðilegum aðgerðum í hafi“ þar sem stofnunin leggur til aðgerðir í 5 liðum til að lagaumgjörð og stjórnsýsla vegna nýrra loftslagsverkfræðilegra verkefna í hafi verði í samræmi við alþjóðareglur á þessu sviði og að þeim nýsköpunarfyrirtækjum sem vilja starfa á Íslandi verði búin viðunandi lagaumgjörð svo að þau njóti skilvirkra stjórnsýsluhátta í samskiptum við íslensk stjórnvöld.

Virðingarfyllst,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Lilja Ólafsdóttir
lögfræðingur

Afrit sent:
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstígur 25
105 Reykjavík